



## Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - ágúst 2014

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** fyrir fyrstu átta mánuði ársins 2014 liggur nú fyrir en í aðalatriðum gefur það upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Nokkur munur er á greiðsluuppgjöri annars vegar og uppgjöri á rekstrargrunni eins og ríkisreikningur er gerður eftir hins vegar. Hann felst einkum í því að í greiðsluuppgjöri er ekki tekið tillit til ýmissa fjárskuldbindinga og krafna sem áfallnar eru á árinu bæði á tekju- og gjaldahlið sem hafa ekki haft áhrif á greiðslur úr ríkissjóði.

Handbært fé frá rekstri var jákvætt um 20,4 ma.kr. en var neikvætt um 16,9 ma.kr. á sama tímabili árið 2013. Innheimtar tekjur hækkuðu um 55,8 ma.kr. milli ára en greidd gjöld jukust um 21,4 ma.kr.

**Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar - ágúst 2014 (m.kr.) (tölur á verðlagi hvers árs)**

	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>	<u>2014</u>
Innheimtar tekjur	302.253	292.018	332.834	349.190	404.944
Greidd gjöld	354.290	350.114	362.557	370.155	391.507
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>-52.036</b>	<b>-58.096</b>	<b>-29.442</b>	<b>-20.965</b>	<b>13.437</b>
Viðskiptahreyfingar	-13.184	3.683	-3.990	4.022	6.959
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>-65.220</b>	<b>-54.413</b>	<b>-33.713</b>	<b>-16.943</b>	<b>20.396</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b>-31.941</b>	<b>54.606</b>	<b>-29.042</b>	<b>-24.121</b>	<b>-19.045</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>	<b>-97.161</b>	<b>193</b>	<b>-62.755</b>	<b>-41.064</b>	<b>1.351</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-136.258</b>	<b>-126.967</b>	<b>-208.004</b>	<b>-89.097</b>	<b>-137.732</b>
Innanlands	-72.782	-56.116	-52.883	-86.626	-29.288
Erlendis	-63.476	-70.851	-155.121	-2.471	-108.444
<b>Lánsfjárfjöfnuður brúttó</b>	<b>-233.419</b>	<b>-126.774</b>	<b>-270.759</b>	<b>-130.161</b>	<b>-136.381</b>
<b>Lántökur</b>	<b>267.934</b>	<b>208.844</b>	<b>197.532</b>	<b>81.912</b>	<b>156.762</b>
Innanlands	137.085	83.965	76.402	81.912	39.964
Erlendis	130.849	124.879	121.130	0	116.798
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>34.515</b>	<b>82.070</b>	<b>-73.227</b>	<b>-48.249</b>	<b>20.381</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs jukust um 16% á milli ára og námu 404,9 ma.kr. á fyrstu 8 mánuðum ársins sem er 36,7 ma.kr. eða 10% meira en gert hafði verið ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlaga 2014. Samhliða gerð fjárlagafrumvarps næsta árs var tekjuáætlun þessa árs endurskoðuð og hækkuð, m.a. með hliðsjón af þessu jákvæða innheimtufráviki, sem koma mun fram í fjárukalagafrumvarpi ársins 2014. Í þessari yfirferð er þó miðað við upphaflega tekjuáætlun ársins 2014 nema annað sé tekið sérstaklega fram.

Skatttekjur og tryggingagjöld námu 351,9 ma.kr sem er 10,4% meira en í fyrra og 19,3 ma.kr. yfir áætlun. Af 133,6 ma.kr. skatttekjum af tekjum og hagnaði nam tekjuskattur einstaklinga 75,0 ma.kr. sem er 5,2 ma.kr. yfir áætlun og hækkun um 9,2% á milli ára. Frávikið skýrist af því að úttekt séreignarsparnaðar á árinu hefur verið meiri en búist var



og jafnframt hefur vöxtur vinnuafleiftirspurnar og launa á fyrri hluta ársins verið meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Hluti fráviksins er vegna endurgreiðslna sem tengjast eftirstöðvum fyrri ára, en þær eru 0,7 ma.kr minni en á sama tíma í fyrra. Tekjuskattur lögaðila nam 26,6 ma.kr. sem er 35,2% meira en fyrir ári síðan og 6,7 ma.kr. yfir áætlun. Fjármagnstekjuskattur greiddur af öðrum en ríkissjóði skilaði 26,3 ma.kr. sem er 3,6 ma.kr. meira en reiknað var með. Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði sjálfum nam 5,7 ma.kr. en sá hluti fjármagnstekjuskatts hefur engin áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem hann færir bæði á tekju- og gjaldahlið.

### Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst 2012-2014

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2012	2013	2014	2012	2013	2014
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>306.619</b>	<b>318.880</b>	<b>351.935</b>	<b>12,7</b>	<b>4,0</b>	<b>10,4</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>105.315</b>	<b>112.524</b>	<b>133.628</b>	<b>11,2</b>	<b>6,8</b>	<b>18,8</b>
Tekjuskattur einstaklinga	64.458	68.710	75.035	10,2	6,6	9,2
Tekjuskattur lögaðila	20.467	19.698	26.622	106,0	-3,8	35,2
Skattur á fjármagnstekjur	20.389	24.116	31.971	-22,4	18,3	32,6
<b>Eignarskattar</b>	<b>7.786</b>	<b>7.521</b>	<b>7.575</b>	<b>93,8</b>	<b>-3,4</b>	<b>0,7</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>138.963</b>	<b>142.806</b>	<b>150.927</b>	<b>14,4</b>	<b>2,8</b>	<b>5,7</b>
Virðisaukaskattur	90.606	93.031	100.791	14,5	2,7	8,3
Vörugjöld af ökutækjum	2.867	3.188	3.457	63,2	11,2	8,4
Vörugjöld af bensíni	7.936	7.810	7.736	2,7	-1,6	-0,9
Skattar á olíu	4.364	4.345	4.582	9,5	-0,4	5,5
Áfengisgjald og tóbaksgjald	10.980	11.502	12.193	7,5	4,8	6,0
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	22.210	22.930	22.168	19,1	3,2	-3,3
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>4.789</b>	<b>3.581</b>	<b>3.610</b>	<b>12,1</b>	<b>-25,2</b>	<b>0,8</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>6.647</b>	<b>7.576</b>	<b>8.534</b>	<b>38,7</b>	<b>14,0</b>	<b>12,6</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>43.118</b>	<b>44.873</b>	<b>47.661</b>	<b>0,3</b>	<b>4,1</b>	<b>6,2</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>564</b>	<b>123</b>	<b>114</b>	<b>1,4</b>	<b>-78,2</b>	<b>-7,3</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>24.339</b>	<b>29.522</b>	<b>51.569</b>	<b>28,6</b>	<b>21,3</b>	<b>74,7</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>1.311</b>	<b>664</b>	<b>1.326</b>	-	-	-
<b>Tekjur alls</b>	<b>332.834</b>	<b>349.190</b>	<b>404.944</b>	<b>13,9</b>	<b>4,9</b>	<b>16,0</b>

Innheimta eignarskatta tímabilið janúar-ágúst er svipuð í ár og í fyrra og nam 7,6 ma.kr. sem er 0,1 ma.kr. undir áætlun. Auðlegðarskattur, sem lagður var á í síðasta sinn nú í júlí síðastliðnum, skilaði 3,9 ma.kr. sem er 0,4 ma.kr. meira en gert hafði verið ráð fyrir. Stimpilgjöld námu 2,2 ma.kr. sem er samdráttur upp á tæp 13% á milli ára og erfðafjárskattur nam 1,3 ma.kr. sem er svipað og í fyrra en báðir skattar eru aðeins undir áætlun eða sem nemur 0,5 ma.kr.

Skattar á vöru og þjónustu eru 0,5 ma.kr. eða 0,3% undir tekjuáætlun og námu samtals 150,9 ma.kr. sem er aukning um 5,7% frá sama tímabili í fyrra. Virðisaukaskattur vegur þyngst meðal veltuskatta en hann nam 100,8 ma.kr. á tímabilinu sem er 0,7 ma.kr. yfir áætlun og aukning um 8,3% frá því í fyrra. Almenn vörugjöld námu 3,7 ma.kr. sem er 0,3 ma.kr. eða 8,4% undir áætlun. Innheimta vörugjalda af ökutækjum jókst um 8,4% á milli ára og námu þau 3,5 ma.kr. sem er 2,2% undir áætlun.



Vörugjöld af bensíni eru 0,4 ma.kr. undir áætlun og námu 7,7 ma.kr. en innheimta þeirra stendur í stað á milli ára. Tekjur af olíugjaldi námu 4,6 ma.kr. á tímabilinu sem er 7,5% yfir áætlun fjárlaga og aukning um 5,5% frá sama tímabili í fyrra. Kolefnisgjaldið skilaði 2,1 ma.kr. á tímabilinu en það jókst um 3,1% á milli ára og er frávik þess frá áætlun neikvætt um 5,9%. Innheimta kolefnisgjalds er þó nokkuð breytileg milli mánaða vegna tveggja mánaða gjaldtímabils og endurgreiðslukerfis. Bifreiðagjaldið skilaði 6,2 ma.kr. sem er 0,3 ma.kr. eða 4,5% minna en áætlað var.

Tekjur af áfengisgjaldi námu 8,2 ma.kr. sem er 2,2% yfir áætlun og 7,1% aukning frá því í fyrra. Tekjur af tóbaksgjaldi jukust um 3,9% á milli ára og námu 4,0 ma.kr. sem er 2,1% yfir áætlun. Sala áfengis tímabilið janúar-ágúst, mælt í vinnanda allra tegunda samanlagt, jókst aðeins á milli ára eða um tæp 2%. Á sama tímabili jókst sala á sigarettum (vindlingum) að magninu til um 2,6% á milli ára.

Tollar og aðflutningsgjöld skiluðu 3,6 ma.kr. sem er svipað og í fyrra en 0,7 ma.kr. meira en gert hafði verið ráð fyrir í tekjuáætlun. Frávikið skýrist af því að friverslunarsamningurinn við Kína, sem leiðir til samdráttar tekna í þessum flokki, tók gildi síðar á árinu en áætlað hafði verið. Aðrir skattar námu 8,5 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins sem er aukning um tæp 13% á milli ára og 1,0 ma.kr. yfir áætlun. Þar af nam fjársýsluskattur 2,0 ma.kr. sem er 0,3 ma.kr. yfir áætlun. Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og útvarpsgjald námu samtals 3,0 ma.kr sem er aðeins undir áætlun. Tekjur af tryggingagjöldum jukust um 6,2% á milli ára og námu samtals 47,7 ma.kr. sem er 1,2 ma.kr. yfir áætlun tímabilsins.

Aðrar tekjur á tímabilinu námu 51,6 ma.kr. en það er 17,0 ma.kr. yfir tekjuáætlun. Arður frá Landsbankanum sem greiddur var í mars síðastliðnum skýrir frávikið en hann nam 19,7 ma.kr. Vaxtatekjur námu samtals 9,7 ma.kr. og tekjur af veiðigjaldi samtals 5,7 ma.kr. Frávik veiðigjalda frá áætlun, sem skýrist að mestu af lagabreytingu sem gerð var í vor, stendur í -1,7 ma.kr.

**Greidd gjöld** námu 391,5 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 21,4 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 5,8% sem er heldur minna en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflokka breyttust mismikið milli ára eins og sést í meðfylgjandi töflu.

**Próun útgjalda eftir málaflokkum janúar-ágúst 2012-2014**

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári	
	2012	2013	2014	2013	2014
Fjármagnskostnaður	53.650	51.775	53.281	-3,5	2,9
Almenn opinber þjónusta	30.691	33.806	34.459	10,1	1,9
Almannatryggingar og velferðarmál	93.702	90.432	92.593	-3,5	2,4
Heilbrigðismál	77.936	83.436	89.923	7,1	7,8
Efnahags- og atvinnumál	34.901	35.438	40.279	1,5	13,7
Menntamál	34.401	35.324	36.206	2,7	2,5
Menningar, íþróttar og trúmál	10.948	12.128	12.377	10,8	2,1
Lög- og réttargæsla	14.077	14.487	14.656	2,9	1,2
Önnur útgjöld	12.249	13.330	17.731	8,8	33,0
<b>Gjöld alls</b>	<b>362.557</b>	<b>370.154</b>	<b>391.507</b>	<b>2,1</b>	<b>5,8</b>

Próun málaflokkanna er rakin frekar í greiningu á frávikum hvers málaflokks. Þegar fjallað er um áætlun hér að neðan er átt við þann hluta fjárheimilda ársins sem áætlanir ráðuneyta og stofnana gerðu ráð fyrir að tilheyrði þessum hluta ársins.



## Útgjöld einstakra málaflokka - frávik milli ára janúar - ágúst 2013-2014

	2014	2013	% breyt.
<i>Æðsta stjórnvísing og löggjafarvald</i>	2.697	2.590	4,1
<i>Fjármálastjórnvísing ríkisins</i>	6.560	6.257	4,8
<i>Utanríkismál</i>	8.191	7.832	4,6
<i>Önnur almenn opinber þjónusta</i>	5.932	6.084	-2,5
<i>Fjármagnskostnaður</i>	53.281	51.775	2,9
<i>Almenn fjárframlög til sveitarfélaga</i>	11.079	11.043	0,3
<b>Almenn opinber þjónusta</b>	<b>87.741</b>	<b>85.580</b>	<b>2,5</b>
<b>Lög- og réttargæsla</b>	<b>14.656</b>	<b>14.487</b>	<b>1,2</b>
<i>Almenn atvinnumál og markaðseftirlit</i>	4.202	4.034	4,2
<i>Landbúnaðarmál</i>	9.787	9.201	6,4
<i>Samgöngumál</i>	16.181	13.407	20,7
<i>Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum</i>	3.315	3.225	2,8
<i>Önnur efnahags- og atvinnumál</i>	6.794	5.571	22,0
<b>Efnahags- og atvinnumál</b>	<b>40.279</b>	<b>35.438</b>	<b>13,7</b>
<i>Lyf og lækningavörur</i>	12.145	11.703	3,8
<i>Heilsugæsla</i>	17.728	16.480	7,6
<i>Sjúkrahúspjónusta</i>	38.991	36.093	8,0
<i>Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir</i>	18.311	16.465	11,2
<i>Heilbrigðiseftirlit og stjórnvísing</i>	2.749	2.696	2,0
<b>Heilbrigðismál</b>	<b>89.923</b>	<b>83.436</b>	<b>7,8</b>
<i>Menningarmál</i>	5.767	5.861	-1,6
<i>Íþróttir, fjölmíðlun, félags- og trúmál</i>	6.610	6.267	5,5
<b>Menningar- og félagsmál</b>	<b>12.377</b>	<b>12.128</b>	<b>2,1</b>
<i>Framhaldsskólastig</i>	13.194	13.048	1,1
<i>Háskólastig</i>	20.189	19.160	5,4
<i>Önnur menntamál</i>	2.823	3.116	-9,4
<b>Menntamál</b>	<b>36.206</b>	<b>35.324</b>	<b>2,5</b>
<i>Örorka og fötlun</i>	22.872	20.747	10,2
<i>Öldrun</i>	30.776	27.384	12,4
<i>Fjölskyldur og börn</i>	15.916	16.462	-3,3
<i>Atvinnuleysi</i>	9.848	12.226	-19,5
<i>Vaxtabætur</i>	8.172	8.713	-6,2
<i>Önnur trygginga- og velferðarmál</i>	5.009	4.899	2,2
<b>Almannatryggingar og velferðarmál</b>	<b>92.593</b>	<b>90.432</b>	<b>2,4</b>
<i>Lífeyrisskildbindingar, eftirlaun</i>	7.127	6.786	5,0
<i>Fjármagnstekjuskattur</i>	5.646	1.695	233,1
<i>Annað</i>	4.959	4.849	2,3
<b>Önnur útgjöld</b>	<b>17.731</b>	<b>13.330</b>	<b>33,0</b>
<b>Gjöld alls</b>	<b>391.507</b>	<b>370.155</b>	<b>5,8</b>

Útgjöld til almennrar þjónustu námu samtals 87,7 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins samanborið við 85,6 ma.kr. á síðasta ári sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Fjármagnskostnaður ríkissjóðs skýrir stærstan hluta þessara útgjalda eða rúm 60%, en hann nam 53,3 ma.kr. á tímabilinu og jókst lítillega milli ára. Útgjöld vegna utanríkismála



námu 8,2 ma.kr. samanbórið við 7,8 ma.kr. á fyrra ári sem er nokkuð minna en gert hafði verið ráð fyrir. Af þessum útgjöldum námu útgjöld sendiráða Íslands 2,1 ma.kr. og útgjöld vegna alþjóðastofnana tæpum 2 ma.kr. Almenn framlög til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga námu 11,1 ma.kr. á tímabilinu og voru svipuð og á fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna fjármálastjórnsýslu ríkisins voru lægri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir og námu 6,6 ma.kr. Þar sem mest munaði um útgjöld ríkisskattstjóra sem námu 1,8 ma.kr., útgjöld Tollstjóra sem námu 1,7 ma.kr. og útgjöld Fjárslu ríkisins sem námu 1,1 ma.kr. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu námu um 8,6 ma.kr. og voru svipuð og á fyrra ári.

Útgjöld til lög- og réttargæslu námu um 14,7 ma.kr. sem er svipað og á fyrra ári en minna en gert hafði verið ráð fyrir. Stærstu útgjaldaðættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 2,6 ma.kr. og aukast um rúmar 100 m.kr. milli ára og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem námu rúmum 2 ma.kr. og dragast saman milli ára. Þá námu útgjöld ríkislögreglustjóra rúmum 1 ma.kr. á tímabilinu, útgjöld sýslumannsembætta 2,4 ma.kr., útgjöld héraðsdómstóla 947 m.kr., útgjöld Fangelsismálastofnunar 924 m.kr og útgjöld vegna framkvæmda við fangelsisbyggingar 744 m.kr.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust um 4,8 ma.kr. á milli ára og námu 40,3 ma.kr. á þessum fyrstu átta mánuðum ársins sem er nokkuð minna en það sem gert hafði verið ráð fyrir. Stærstu útgjaldaliðir þessa flokks eru útgjöld vegna samgöngumála sem námu 16,2 ma.kr. samanbórið við rúma 13,4 ma.kr. á fyrra ári. Framkvæmdir Vegagerðarinnar skýra þetta að stærstum hluta en útgjöld Vegagerðarinnar námu 13,8 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna landbúnaðarmála námu 9,8 ma.kr. þar sem mest munar um greiðslur vegna landbúnaðarframleiðslu sem námu um 8,1 ma.kr. Útgjöld vegna almennra atvinnumála og markaðseftirlits námu 4,2 ma.kr. þar sem munar mest um útgjöld Fjármálaeftirlitsins sem námu tæpum 1,2 ma. kr. Útgjöld vegna rannsókna og þróunar í efnahags- og atvinnumálum námu 3,3 ma.kr. þar sem mest munar um útgjöld Hafrannsóknastofnunar upp á 926 m.kr., útgjöld vegna matvælarannsókna 432 m.kr. og útgjöld Tækniþróunarsjóðs upp á 720 m.kr. Þá námu útgjöld vegna annarra efnahags- og atvinnumála 6,8 ma.kr. þar sem endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi námu 924 m.kr., niðurgreiðslur á húshitun 798 m.kr., útgjöld Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða 865 m.kr. og útgjöld Fiskistofu um 530 m.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu tæpum 90 ma.kr. og jukust um 6,5 ma.kr. milli ára. sem er jafnframt um 3,5 ma.kr. umfram það sem gert var ráð fyrir. Útgjöld vegna lyfja og lækningavara námu 12,1 ma.kr. samanbórið við 11,7 ma.kr. 2013 sem er nokkuð umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir og skýrist alfarið með halla á þeim rekstri sjúkratrygginga sem snýr að lyfjakaupum. Útgjöld vegna heilsugæslu námu 17,7 ma.kr. samanbórið við 16,5 ma.kr. 2013. Greiðslur Sjúkratrygginga vegna heilsugæsluþjónustu námu 8,1 ma.kr. og útgjöld Heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu námu 3,3 ma.kr. Útgjöld vegna sjúkrahússþjónustu námu tæpum 39 ma.kr. samanbórið við 36,1 ma.kr. 2013. Langstærstur hluti þessara útgjalda skýrist með útgjöldum Landspítala sem námu 28,8 ma.kr. en útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri námu 3,7 ma.kr. og annarra heilbrigðisstofnana 5,1 ma.kr. Útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana námu 18,3 ma.kr. og jukust um 1,8 ma.kr. milli ára. Þá námu útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits og stjórnsýslu rúmum 2,7 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og á fyrra ári. Í heild námu



Útgjöld vegna sjúkratrygginga rúmum 22 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 1,8 ma.kr. milli ára og voru 1,9 ma.kr. umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir.

Útgjöld til menningar- og félagsmála námu um 12,4 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára en voru minni en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til menningarmála skýra 5,8 ma.kr. þar sem mest munar um rekstur Landsbókasafns-Háskólabókasafns sem nam 696 m.kr., framlög til lista sem námu 690 m.kr. útgjöld vegna Þjóðleikhússins sem námu 560 m.kr., útgjöld vegna Kvikmyndamiðstöðvar Íslands sem námu 601 m.kr. og útgjöld vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem námu 618 m.kr. Útgjöld vegna íþróttá, fjölmiðlunar, félags- og trúmála námu 6,6 ma.kr. þar sem helstu útgjaldþættir eru Ríkisútvarpið 2,3 ma.kr. og útgjöld til kirkju- og sóknamála samtals 3,6 ma.kr.

Útgjöld til menntamála námu 36,2 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins og jukust lítillega milli ára en voru nokkuð lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna framhaldsskólastigs námu 13,2 ma.kr. og voru nokkuð lægri en gert hafði verið ráð fyrir sem skýrist að mestu með lægri launaútgjöldum vegna verkfalls framhaldsskólakennara á tímabilinu. Útgjöld vegna háskólastigs námu 20,2 ma.kr. samanborið við 19,2 ma.kr. á fyrra ári sem var lítillega innan þess sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld Háskóla Íslands námu 8,2 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna tæpum 8 ma.kr. Þá námu útgjöld vegna Háskólans í Reykjavík 1,5 ma.kr. og Háskólans á Akureyri 1,1 ma.kr. Útgjöld vegna annarra menntamála námu 2,8 ma.kr. þar sem mest munar um útgjöld vegna símenntunar og fjarkennslu upp á 850 m.kr.

Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu 92,6 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 2,2 ma.kr. milli ára sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Undir þennan flokk falla stórir bótalíðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna örorku- og fötlunarmála námu 22,9 ma.kr. þar sem mest munar um hlutdeild lífeyristrygginga í þessum málaflokki sem námu 19,3 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna öldrunarmála námu 30,8 ma.kr. og aftur skýrir hlutdeild lífeyristrygginga stærstan hluta og námu slík útgjöld um 24,7 ma.kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð um 4,3 ma.kr. Útgjöld vegna fjölskyldu- og barnamála námu 15,9 ma.kr. þar sem barnabætur upp á 7,2 ma.kr. og útgjöld vegna Fæðingarorlofs upp á 5,9 ma.kr. skýra stærstan hluta útgjalda. Útgjöld vegna atvinnuleysis námu 9,8 ma.kr. samanborið við 12,2 ma.kr. á sama tímabili í fyrra og dragast verulega saman milli ára sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Greiddar vaxtabætur námu 8,2 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Önnur trygginga- og velferðarmál námu rúmum 5 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Í heild námu útgjöld vegna lífeyristrygginga 46,6 ma.kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 8,6 ma.kr.

Önnur útgjöld námu 17,7 ma.kr. samanborið við 13,3 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga og eftirlauna námu 7,1 ma.kr. sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári og meira en gert hafði verið ráð fyrir. Greiddur fjármagnstekjuskattur nam 5,6 ma.kr. á tímabilinu og jókst verulega milli ára og var jafnframt vel umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Þessar greiðslur renna hins vegar í ríkissjóð og því er sambærilegt jákvætt frávik á tekjuhlíð og því engin nettó áhrif á afkomu ríkissjóðs. Þá námu útgjöld vegna umhverfisverndar 3,8 ma.kr., útgjöld vegna varnarmála 585 m.kr. og útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála 585 m.kr.



## Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárjöfnuður tímabilsins var jákvæður um 1,4 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 41,1 ma.kr. Brúttó var lánsfjárjöfnuðurinn neikvæður um 136,4 ma.kr. en var neikvæður um 130,2 ma.kr. á sama tímabili 2013.

Afborganir og uppgreiðslur á lánum námu 137,7 ma.kr. þar sem afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs námu 29,3 ma.kr. og af erlendum lánum 108,4 ma.kr.

Heildarlántökur á tímabilinu námu um 156,8 ma.kr. þar sem innlendar lántökur námu 40,0 og erlendar lántökur námu 116,8 ma.kr. Handbært fé ríkissjóðs jókst um 20,4 ma.kr. á tímabilinu.

Ríkissjóður Íslands gekk frá samningum í júlí um útgáfu skuldabréfa að fjárhæð 750 milljónir evra, eða jafnvirði um 117 ma.kr. Lánið var notað til að endurgreiða fyrirfram lán frá Norðurlöndunum sem tekin voru í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda sem studd var af AGS árið 2008.